

Efling byggða á Ströndum

Tillögur nefndar forsætisráðherra
um málefni Stranda

16.8.2024



Inngangur

Strandir eru einstakt landsvæði sem býr yfir ríkri og merkilegri sögu og ægifagurri náttúru. Þar er stutt á gjöful fiskimið og landgæði eru mikil. Svæðið er afbragðs sauðfjárræktarsvæði og einnig hentugt til skógræktar á afmörkuðum svæðum. Þá er nálægð við friðlandið á Hornströndum ein af auðlindum svæðisins. Strandir hafa sterka ímynd sem tengd er við sögu galdra og þjóðmenningar. Merkar fornleifar eru á svæðinu innan um einstakar náttúruperlur. Á Ströndum býr dugmikið fólk með ríkan sköpunarkraft, frumkvæði og vilja til að rækta samfélag sitt og standa vörð um sögu og hefðir svæðisins.

Samfélagsþróun á Ströndum hefur einkennst af fólksfækkun á undanförnum áratugum. Í sveitarfélögunum þremur á Ströndum, Strandabyggð, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi, voru alls 571 íbúi um síðustu áramót og hafði þeim fækkað um 13% á áratug. Frá árinu 1998 hefur íbúum í sveitarfélögunum þremur fækkað um 33%. Sumarið 2023 lagði rækjuvinnslan Hólmadrangur á Hólmavík niður starfsemi en þar störfuðu um 20 manns og var hún einn stærsti vinnustaðurinn í Strandabyggð. Lokun rækjuvinnslunnar var því reiðarslag fyrir samfélagið. Nærtækt er að skýra íbúaþróun undanfarinna áratuga með fækkun atvinnutækifæra og einhæfu atvinnulífi.

Í íbúakönnun landshlutanna 2023 komu Strandir og Reykhólar verst út er varðar mat íbúa á búsetuskilyrðum. Á fjölmarga mælikvarða búsetuskilyrða voru Strandir og Reykhólar oft í þeim hópi sveitarfélaga/svæða sem röðuðu sér í neðstu sæti og lækkaði heildareinkunn þeirra frá síðustu mælingu nokkuð. Íbúar á Ströndum voru einnig í þeim hópi sem óánægðastir voru með þjónustu síns sveitarfélags.¹

Samfélagið á Ströndum á því undir högg að sækja m.t.t. íbúaþróunar, byggðafestu og atvinnutækifæra. Brýnt er að grípa til aðgerða til þess að snúa þessari þróun við og leita leiða til að skapa fjölbreytt atvinnutækifæri og auka búsetugæði á svæðinu. Nýta þarf tækifæri til framtaks og verðmætasköpunar í matvælaíðnaði, landbúnaði, sjávarútvegi, fiskeldi eða annarri auðlindanýtingu hafsins og ferðaþjónustu. Forsenda þess er að samfélagslegir innviðir, s.s. á sviðum orkuöflunar, samgangna og fjarskipta verði styrktir.

Sóknarfærin á Ströndum eru mörg. Jarðhiti er víða á svæðinu og fjölbreytt nýting hans m.a. hitaveita á Drangnesi og í Bjarnarfirði og ýmis nýsköpun þar í þróun. Líkur eru á að boranir eftir nýtanlegum jarðvarma á Gálmaströnd í Steingrímsfirði beri árangur og eins eru tækifæri í Árneshreppi þegar kemur að jarðhita. Þá eru uppi áform um umtalsverðar framkvæmdir við vatnsaflsvirkjanir á næstu árum sem valdið gætu straumhvörfum á Ströndum, ekki aðeins á framkvæmdatíma virkjananna heldur einnig til framtíðar. Væntingar standa til að jarðvarmi og aukið framboð raforku muni þannig gjörbreyta forsendum til atvinnusóknar á Ströndum með sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi. Þá eru mikil sóknarfæri fólgin í frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á Ströndum þar sem byggja má á sérstöðu svæðisins, sögu þess, náttúru og menningu. Íbúar og sveitarfélögin á Ströndum þurfa að vera í stakk búin og fá stuðning til þess að grípa þau tækifæri sem þessar breytingar munu hafa í för með sér til að byggja undir verðmætasköpun og atvinnuþróun. Samvinnu ríkis, sveitarfélaga og íbúa þarf til svo að vel takist.

¹ Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða – Samantekt á niðurstöðum (DEIGLAN nr. 1/2024)

Um nefndina

Ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi sínum 17. nóvember 2023 að stofna nefnd um málefni Stranda og skipaði forsætisráðherra í nefndina í janúar 2024. Fram kom í skipunarbréfi að markmið með skipan nefndarinnar væri að skapa vaxtarskilyrði fyrir samfélag og atvinnulíf á Ströndum með sjálfbærni að leiðarljósi. Verkefni nefndarinnar fólst í að gera tillögur um hvernig megi efla byggðaðróun á svæðinu, m.a. með tilliti til fjárfestinga, atvinnuframboðs og atvinnutækifæra í Árneshreppi, Kaldrananeshreppi og Strandabyggð.

Nefndinni var jafnframt falið að skoða sérstaklega þau tækifæri sem gætu skapast með sameiningu sveitarfélaga.

Lagt var fyrir nefndina að hafa til hliðsjónar það starf sem þegar hefur verið unnið með Byggðastofnun, í gegnum Sóknaráætlun Vestfjarða og með innviðaráðuneytinu. Þá var nefndinni falið að hafa samráð við þingmenn Norðvesturkjördæmis í vinnu sinni. Nefndinni var falið að skila tillögum til forsætisráðherra og innviðaráðherra eigi síðar en 1. júlí 2024.

Nefndin var þannig skipuð:

Áslaug María Friðriksdóttir, fulltrúi forsætisráðherra, formaður
Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi Árneshrepps
Finnur Ólafsson, fulltrúi Kaldrananeshrepps
Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar
Hólmfríður Sveinsdóttir, fulltrúi innviðaráðuneytis
Kári Gautason, fulltrúi innviðaráðuneytis, varaformaður (frá apríl)
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga
Sigtryggur Magnason, fulltrúi innviðaráðuneytis, varaformaður (janúar – apríl)
Vífill Karlsson, fulltrúi forsætisráðherra
Þorgeir Pálsson, fulltrúi Strandabyggðar
Bjarki Vigfússon, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu, starfaði með nefndinni.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar 2. febrúar 2024 og hélt fjölda funda. Nefndin átti einnig fundi með fulltrúum fjölmargra hagaðila, auk þess sem hluti nefndarmanna heimsótti Strandir ásamt þáverandi forsætisráðherra. Við mótun tillagna nefndarinnar var samráð haft við þingmenn Norðvesturkjördæmis, fyrst í upphafi nefndarstarfsins og aftur þegar drög að tillögum lágu fyrir. Þá var íbúum gefinn kostur á að senda nefndinni erindi með hugmyndum sínum í upphafi nefndarstarfsins. Eitt erindi barst og var það rætt í nefndinni.

Tillögur nefndarinnar

Byggðin á Ströndum á í vök að verjast og leggur nefndin til við forsætisráðherra og innviðaráðherra að gripið verði strax til fjögurra aðgerða sem hér eru útlistaðar. Fjöl margar aðrar aðgerðir og tillögur voru ræddar í vinnu nefndarinnar, stórar sem smáar. Gerð er grein fyrir þeim hér að neðan undir *Aðrar tillögur* og hvatt til þess að þær verði skoðaðar í áframhaldandi vinnu við eflingu byggða á Ströndum.

Tillaga 1. „Strandaauður“ - byggðapróun og sameining sveitarfélaga

Lagt er til að sveitarfélögin þrjú, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð, sameinist um byggðapróunarverkefni (vinnuheiti: Strandaauður) sem nái til alls að fimm ára og verði unnið í samstarfi við Vestfjarðastofu, Byggðastofnun og ráðuneyti. Verkefnið byggir á aðferðafræði *Brothættra byggða* með sérstaka áherslu á samvinnu og sameiningu sveitarfélaga.

Þess er vænst að verkefnið ýti undir og styðji við frumkvæði heimamanna og efla atvinnulíf, byggð og búsetugæði á Ströndum. Með því verði byggt ofan á árangur af verkefnum *Brothættra byggða* í Árneshreppi og í Strandabyggð og því sem áorkað hefur verið í Kaldrananeshreppi á undanförunum árum. Þá standa vonir til þess að verkefnið þétti raðir Strandamanna enn frekar og auki samstöðu um hagsmuni svæðisins alls.

Kostnaður við aðgerðina væri fyrst og fremst fólgin í launakostnaði verkefnisstjóra, verkefnafé sambærilegu því sem öðrum þátttakendum í *Brothættum byggðum* stendur til boða og kostnaði vegna sameiningarviðræðna. Ríkið, Vestfjarðastofa og sveitarfélögin þrjú myndu gera með sér samning um verkefnið og skiptingu kostnaðar.

Skilyrði fyrir stuðningi ríkisins er að sveitarfélögin þrjú hefji viðræður um sameiningu og kanni jafnframt grundvöll stærri sameiningar s.s. við sveitarfélög við Ísafjarðardjúp.

Markmið með aðgerðinni: Að styrkja og efla samfélögin á Ströndum.

Stutt lýsing: Gert er ráð fyrir að verkefnið verði til alls að fimm ára og hefjist fyrir lok árs 2024. Lagt er til að fenginn verði verkefnisstjóri í fullt starf, starfið verði hýst hjá Vestfjarðastofu og skipuð verði verkefnisstjórn með fulltrúum þátttakenda. Haldið verði sameiginlegt íbúðing þegar verkefnisstjórn hefur verið skipuð. Í framhaldi af íbúðing verði útbúið verkefnisáætlun sem lögð verður fyrir íbúa á íbúafundum til umfjöllunar og samþykktar. Verkefnisstjóra og verkefnisstjórn verði falið að skoða og vinna með þau tækifæri sem fyrir hendi eru, m.a. þau sem listuð eru í þessari skýrslu undir *Aðrar tillögur*. Unnin verði sviðsmyndagreining fyrir helstu drifkraftana; ferðaþjónustu og orkunýtingu. Verkefnið gengur annars vegar út á að vinna samkvæmt hugmyndafræði *Brothættra byggða* og hins vegar að skoða möguleika á aukinni samvinnu og sameiningu sveitarfélaga.

Lagt er til að framgangur verkefnisins verði metinn að tveimur árum liðnum og í framhaldinu ákveðið hvort slíkir meinbugir séu á framkvæmd þess eða horfum á árangri að ekki sé talið skynsamlegt að halda áfram.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Vestfjarðastofa og sveitarfélögin á Ströndum.

Dæmi um samstarfsaðila: Byggðastofnun, íbúar á Ströndum, sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum o.fl.

Tímabil: 2024-2029.

Mat á árangri: Árangur verður m.a. mældur með íbúapróun, atvinnutækifærum, sameiningu sveitarfélaga og viðhorfi íbúa til þjónustu í íbúakönnun landshluta. Enn fremur er gert ráð fyrir að mæla árangur út frá þeim starfsmarkmiðum sem verða skilgreind í verkefnisáætlun fyrir Strandaauð, ef af verður, ásamt mati á árangri í styrktum frumkvæðisverkefnum.

Tillaga 2. Jarðhitaleit og nýting til atvinnu- og samfélagsþróunar

Lögd er til áframhaldandi jarðhitaleit á Gálmaströnd í Steingrímsfirði. Jarðhitaleit á Gálmaströnd hófst árið 1999 og boraðar voru 13 holur fram til ársins 2002. Orkubú Vestfjarða hóf boranir að nýju árið 2023 og lauk framkvæmdum í janúar 2024. Niðurstöður borana gefa góð fyrirheit og allt bendir til þess að um sé að ræða öflugasta jarðhitakerfi Vestfjarða. Fyrri boranir og rannsóknir gefa vonir um að hitastig jarðhitavatnsins sé um 100-110°C og að kerfið sé vatnsmikið. Aðkallandi er að halda borunum áfram til að meta umfang auðlindarinnar og nýtingarmöguleika hennar.

Næstu skref í jarðhitaleit á Gálmaströnd liggja fyrir en fjármagn vantar til að halda verkefninu áfram. Jarðfræðingar ÍSOR leggja til að bora djúpa rannsóknar-/vinnsluholu nærri holu GR-08, heitustu holu svæðisins, ásamt því að dýpka eldri holu (GR-10). Markmið borananna er að hitta á gjöfula heitavatnsæð sem koma má í nýtingu.

Nýting jarðhitans á Gálmaströnd felur í sér mikla möguleika til uppbyggingar á nýjum atvinnuvegum á svæðinu ásamt því að styrkja núverandi atvinnustarfsemi og búsetuskilyrði. Blámi, samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og Vestfjarðastofu, hefur þegar hafið könnun á fýsilegum valkostum til nýtingar jarðhitans og uppbyggingar fjölbreyttrar atvinnustarfsemi í grænum iðngarði á Gálmaströnd. Meðal valkosta þar sem mikil sóknarfæri eru talin vera fyrir hendi eru þaravinnsla, bleikjueldi, rækjueldi, stórseiðaeldi, saltvinnsla og náttúruböð.

Markmið með aðgerðinni: Að afla jarðhita sem verði grundvöllur fjölbreyttra atvinnutækifæra og uppbyggingu á Ströndum.

Stutt lýsing: Jarðhitaleit á Gálmaströnd felst í borun á rannsóknar-/vinnsluholum sem hægt verður að nýta til atvinnuuppbyggingar. Staðsetningar fyrir næstu borholur liggja fyrir. Ef fjármagn fæst til framkvæmda er það Orkubús Vestfjarða að semja við borverktaka og hefja verkið.

Ábyrgðarráðuneyti: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Orkubú Vestfjarða ohf.

Dæmi um samstarfsaðila: Blámi, sveitarfélögin á Ströndum, Vestfjarðastofa og Orkusjóður.

Tímabil: 2024-2025.

Mat á árangri: Áhætta fylgir verkefninu en tilsettur árangur næst ef boranir skila heitu vatni til nýtingar. Þær borholur sem ekki skila vatni til nýtingar skila þó auknum skilning á jarðhitasvæðinu.

Tillaga 3. Ljósleiðari

Lagt er til að stutt verði við ljósleiðaravæðingu á Hólmavík með það fyrir augum að íbúar þar búi við sambærilegar nettengingar og aðrir íbúar á Stöndum.

Markmið með aðgerðinni: Að öll lögheimili á Hólmavík eigi kost á háhraðanettengingu um ljósleiðara.

Stutt lýsing: Fjarskiptasjóði verði falið að undirbúa og gera Strandabyggð tilboð um styrk til að fjármagna nauðsynlega jarðvinnu til að gera fjarskiptafyrirtækjum kleift að leggja, tengja og reka eigið ljósleiðara-aðgangsnét á Hólmavík. Horft verði til niðurstöðu áformakönnunar Fjarskiptastofu við gerð lista yfir styrkhæf heimilisföng, þar sem fjarskiptafyrirtækjum og opinberum aðilum var gefinn kostur á að tilkynna um eigin uppbyggingaráform til ársloka 2026.

Ábyrgðarráðuneyti: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Strandabyggð og fjarskiptafyrirtæki.

Dæmi um samstarfsaðila: Innviðaráðuneyti, Fjarskiptastofa og fjarskiptasjóður.

Tímabil: 2024-2026.

Tillaga að fjármögnun: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti gegnum fjarskiptasjóð og innviðaráðuneyti gegnum aðgerðaáætlun byggðaáætlunar 2022-2026, aðgerð A.1 Háhraðanettengingar.

Mat á árangri: Hlutfall lögheimila á Hólmavík sem kost eiga á ljósleiðara.

Tillaga 4. Hringvegur 2

Lagt er til að innviðaráðherra skipi starfshóp undir forystu Vegagerðarinnar um Hringveg 2, hringveg um Vestfirði.

Markmið með aðgerðinni: Að skapa tækifæri fyrir atvinnulíf, m.a. ferðapjónustu, og íbúa á Vestfjörðum og að bæta vetrarpjónustu og viðhald vega.

Stutt lýsing: Skipaður verði starfshópur undir forystu Vegagerðarinnar sem hefur það hlutverk að kanna kosti og galla þess að skilgreina vegina um Vestfirði (vegi 60, 61, 62, 63 og 68) sem hringveg sem fengi vagnúmerið 2. Vegurinn fengi þar með aukið vægi þegar kemur að vetrarpjónustu og viðhaldi vega sem er mikilvægt fyrir íbúa og atvinnustarfsemi á svæðinu, ekki síst útflutningsgreinar og ferðapjónustu.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Vegagerðin.

Dæmi um samstarfsaðila: Vestfjarðastofa, sveitarfélögin á Ströndum, innviðaráðuneyti.

Tímabil: 2024-2025.

Mat á árangri: Hringvegur 2 fengi formlega viðurkenningu.

Aðrar tillögur

Allmargar tillögur voru ræddar í nefndinni. Margar þeirra voru jafnframt kynntar og ræddar við þingmenn Norðvesturkjördæmis og þau hvött eftir atvikum til að skoða á sínum vettvangi, m.a. ráðstafanir til fara í gerð burðarþolsmats með sérstakri fjárveitingu til Hafrannsóknastofnunar til að greina forsendur fyrir fjarðabeit (þorskrækt) í Steingrímsfirði og kanna forsendur sjókvíaeldis á regnbogasilungi í Húnaflóa.

Hér að neðan er greint frá hluta þeirra tillagna sem ræddar voru og hvatt til þess að þær verði skoðaðar áfram. Mörgum þeirra má vísa til verkefnisstjórnar „Strandaauðs“ (tillaga 1) fái það verkefni brautargengi.

A. Vestfjarðaleiðin

Stutt verði sérstaklega við þróun Vestfjarðaleiðarinnar á Ströndum til að tryggja að svæðið verði í alfaraleið ferðamanna sem fara um Vestfirði. Vestfjarðaleiðin er um 950 km langur hringur sem liggur um átta sveitarfélög á Vestfjörðum og Dalabyggð. Tilgangur Vestfjarðaleiðarinnar er að skilgreina þennan hring sem ferðamannaleið og markaðssetja hann og Vestfirði betur. Vestfjarðaleiðin liggur um Hólmavík og út á Drangsnæs en áfangastaðir leiðarinnar eru víðar og áhersla á að fara af meginleiðum út í þorp og staði utan þeirra, svo sem norður í Árneshrepp. Styðja þarf ferðaþjónustu á Ströndum sérstaklega til þróunar og þátttöku í Vestfjarðaleiðinni.

B. Samgöngur

Mikið var rætt um samgöngu- og vegabætur í starfi nefndarinnar, enda mat heimamanna að núverandi ástand vega á Ströndum standi uppbyggingu í ferðaþjónustu og annarri atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum.

Dæmi um samgöngu- og vegabætur sem heimamenn telja brýnt að ráðast í:

- *Innstrandavegur*. Á Innstrandavegi eru enn þrír kaflar með malarslitlagi, alls 39 km. Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 er aðeins gert ráð fyrir framkvæmdum á fjögurra km kafla milli Þorpa og Heydalsár og gerir tillagan ráð fyrir framkvæmdum á honum 2028. Brýnt er talið að flýta þessum framkvæmdum og huga að framkvæmdum á öðrum malarköflum vegarins, sem er hluti af stofnvegakerfinu.
- *Veðileysuháls*. Undirbúningsvinnu (þ.m.t. veghönnun, skipulagsvinnu, umhverfismati og grenndarkynningu) vegna framkvæmdar við veglagningu yfir Veðileysuháls er lokið. Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 er gert ráð fyrir framkvæmdum á tímabilinu 2029-2033. Framkvæmdir hafa ítrekað verið færðir aftur á samgönguáætlun sem heimamenn telja óásættanlegt og hvetja til að þær verði færðar fram um tímabil á samgönguáætlun.
- *Brúin yfir Hrófá*. Endurnýja þarf einbreiða brú yfir Hrófá í Steingrímsfirði og ráðast í vegabætur á blindhæð við brúna.
- *Vegrið við slysakafla*. Vegrið vantar á nokkra kafla þar sem slys hafa orðið. Þetta á við um kafla á Vestfjarðavegi nr. 60 t.d. við Stórgrýtisbug sunnan Hólmavíkur og við Hrófberg í botni Steingrímsfjarðar og í Kollafirði norðanverðum á Innstrandavegi nr. 68 þar sem er skólaakstursleið og mjög bratt er niður af vegi.
- *Brúin yfir Langadalsá*. Endurnýja þarf einbreiða brú yfir Langadalsá í Ísafjarðardjúpi. Þarna hafa orðið mörg umferðaróhöpp. Sveigja á veginum beggja vegna brúarinnar takmarkar vegrásýn þegar komið er að brúnni.
- *Brúin yfir Selá*. Endurnýja þarf einbreiða brú yfir Selá á Langadalsströnd. Brúin er orðin mjög léleg og þolir ekki þungaflutninga. Hún er mikilvæg vegna byggðar

og farið er um hana til að komast að mikilvægum ferðamannastöðum á Snæfjallaströnd og Langadalsströnd t.d. Kaldalóni.

- *Naustvíkurskörð*. Hefja þarf hönnun vetrarvegar yfir Naustvíkurskörð til að auka öryggi og stytta leiðina milli Djúpavíkur og Trékyllisvíkur um 10 km. Framkvæmdin er ekki á samgönguáætlun en heimamenn hvetja til að svo verði.
- *Snjómokstur í Árneshreppi*. Tryggja þarf að snjómokstur í Árneshreppi fylgi áfram F-reglu og þar með mokað tvisvar í viku þegar þarf.

C. Aflaheimildir

Við úthlutun almenns og sértæks byggðakvóta á næstu árum þarf að horfa sérstaklega til viðkvæmrar stöðu í atvinnulífinu á Ströndum. Einnig þarf að leita leiða til að veita aflaheimildum til Stranda með varanlegri hætti en mögulegt er með Aflamarki Byggðastofnunar.

D. Nýting jarðhita

Ljúka þarf þeim tveimur verkefnum sem hafin eru með stuðningi af Byggðaáætlun og stuðla eiga að nýtingu jarðvarma á svæðinu. Annars vegar áframhald verkefnis um nýtingu jarðvarma í Árneshreppi (Hitaveita í Norðurfirði) með nýtingu jarðvarma frá Krossnesi. Afla þarf heimildar til að nýta eftirstöðvar af veittum styrk (af aðgerð C.1 í byggðaáætlun, Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða) til að skoða nýtingu jarðvarma á Reykjanesi. Hins vegar þarf að setja aukinn kraft í iðnaðar- og þróunarsvæði á Drangnesi þar sem unnið er á grundvelli árangurs jarðhitaleitar á svæðinu en þegar liggur fyrir greining á mögulegri þróun iðnaðar á Drangnesi.

E. Ljósleiðari og þrífösun í Árneshreppi

Ljúka þarf lokaáfangu við lagningu og tengingu ljósleiðara og þrífösunar rafmagns í Árneshreppi, úr Trékyllisvík í Norðurfjörð að Krossneslaug.

F. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hólmavík

Tækifæri eru til að efla starfsemi Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Ströndum, t.d. með aukinni skráningu menningararfs. Hugmyndir eru uppi um upplýsingamiðstöð um íslenska þjóðtrú, sem jafnframt ynni að miðlunarverkefnum og stuðlaði að aukinni samvinnu fræða, ferðaþjónustu, lista og skapandi greina.

G. Stuðningur við sauðfjárrækt

Skoðað verði hvort svigrúm sé innan núverandi kerfis fyrir sérstakan stuðning til sauðfjárbænda á Ströndum þar sem svæðið er ósýkt landsvæði sem þykir heppilegt til sauðfjárræktar og líflömb þaðan eru mikilvæg til að viðhalda og endurbyggja íslenska sauðfjárstofninn m.t.t. útrýmingar riðu.

H. Matvælavinnsla í Árneshreppi

Skoðað verði að styrkja enn frekar verkefni í Árneshreppi þar sem keyptar eru afurðir af bændum í héraði og úr þeim unnin ýmiskonar matvæli.

I. Baskasetur Íslands

Skoðað verði að styðja við starfsemi Baskaseturs Íslands í Djúpavík sem hefur það að markmiði að miðla sameiginlegum menningararfi Baska og Íslendinga með fjölbreyttum hætti.

J. Nýting borholu við Reykjanes

Haldið verði áfram að skoða nýtingarmöguleika heita vatnsins við Reykjanes í Árneshreppi.

K. Rannsókn- og þekkingarsetur í landbúnaði

Skoðað verði að stofna rannsókn- og þekkingarsetur Landbúnaðarháskóla Íslands á Ströndum með áherslu á sjálfbærni og líftækni í samstarfi við aðra háskóla og Stóra-Fjarðarhorn.

L. Minjavörður á Vestfjörðum

Ráðinn hefur verið minjavörður á Vestfjörðum með aðsetur í Þróunarsetrinu á Hólmavík. Aðeins er ráðið í starfið til eins árs og mikilvægt er að staðan verði varanleg.

M. Þjóðgarðsstofa á Hólmavík

Skoðað verði að opna þjóðgarðsstofu með aðstöðu í Þróunarsetrinu á Hólmavík til að sinna friðlöndum og víðernum á Ströndum og Hornströndum.

N. Heilbrigðisþjónusta

Skoðað verði í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og Heilbrigðisstofnun Vesturlands hvernig tryggja megji viðeigandi heilbrigðisþjónustu á Ströndum. Jafnframt verði skoðað að hvetja til þess að skipting heilbrigðisumdæma fylgi mörkum sóknaráætlanasvæða, sbr. ákvörðun ríkisstjórnar frá ágúst 2021.

O. Skeldýrarækt í Steingrímsfirði

Skoðað verði hvernig styðja megji við uppbyggingu í skeldýrarækt í Steingrímsfirði m.a. með rannsóknum á uppruna og breytileika í uppsöfnun þungmálmsins kadmíums í ræktuðum kræklingi.

Samantekt og lokaorð

Nefndin var einhuga um að mörg tækifæri séu fyrir hendi á Ströndum og að aukin og fjölbreyttari atvinnustarfsemi verði lykilþáttur í að efla byggð á svæðinu. Orkuframleiðsla og ferðapjónusta eru líklegustu drifkraftar jákvæðra breytinga í nálægri framtíð, ásamt matvælaframleiðslu. Væntingar eru um að orkuframleiðsla á Ströndum aukist umtalsvert á næstu árum með framkvæmdum við Kvíslatunguvirkjun í Steingrímsfirði, virkjun Hvalár í Ófeigsfirði og Austurgilsvirkjun í Skjaldfannardal í Ísafjarðardjúpi. Auk þessa eru vonir bundnar við nýtingu jarðhita á Gálmaströnd í Steingrímsfirði til atvinnuuppbyggingar. Þar er hafin vinna við greiningu á mögulegum tækifærum til fjárfestinga og atvinnuuppbyggingar sem fylgja þarf eftir.

Ferðapjónusta er annar lykilþáttur í mögulegri uppbyggingu atvinnulífs og byggðar á Ströndum. Sá hópur ferðamanna sem sótt hefur svæðið heim til þessa er smár og sjálfbjarga ferðamenn sem ekki krefjast mikillar þjónustu. Forsendur aukinnar og fjölbreyttari ferðapjónustu á svæðinu eru annars vegar bygging hótels á Hólmavík og hins vegar samgöngubætur, einkum norður í Árneshrepp.

Orkuframleiðsla og ferðapjónusta geta orðið drifkraftar jákvæðra breytinga en horfa þarf til gagnvirkra áhrifa þessara atvinnugreina á hvor aðra á svæðinu. Fylgja þarf eftir mögulegum tækifærum sem t.d. bættar vegasamgöngur vegna virkjana geta haft í för með sér fyrir ferðapjónustu en jafnframt þarf að huga að því að draga úr neikvæðum áhrifum mögulegrar orkuframleiðslu á ásýnd svæðisins og upplifun ferðamanna. Það er mat nefndarinnar að fái „Strandaauður“ (tillaga 1) brautargengi skapist tækifæri til að leggja grunn að viðspyrnu og svigrúm til að byggja undir framtíðarsýn þar sem orkuframleiðsla og ferðapjónusta leika lykilhlutverk við að styrkja byggðina á Ströndum. Vönduð sviðsmyndagreining á samspili ferðapjónustu og orkuframleiðslu væri skynsamleg leið til að undirbúa viðspyrnuna og greina tækifærin sem eru fyrir hendi. Þá eru allmörg tækifæri fyrir hendi í aukinni matvælaframleiðslu á Ströndum, sem orkuframleiðsla og jarðvarmi geta stutt við og byggt undir. Má í því samhengi m.a. benda á þorskrækt, skeldýrarækt og sókn í hefðbundnum greinum sjávarútvegs og sauðfjárrækt. Samspil ýmiskonar matvælaframleiðslu við aukna ferðapjónustu skapar mikil tækifæri fyrir báðar atvinnugreinar sem byggja má á til framtíðar.

Nefndinni var m.a. falið að skoða sérstaklega þau tækifæri sem gætu skapast með sameiningu sveitarfélaga á Ströndum, sem og kosti stærri sameininga. Til að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni er kveðið á um í sveitarstjórnarlögum að stefna skuli að því að íbúafjöldi hvers sveitarfélags sé ekki undir 1.000. Í lögunum er jafnframt kveðið á um að ef íbúafjöldi í sveitarfélagi er undir 1.000 íbúum skuli sveitarstjórnir hefja sameiningarferli eða senda innviðaráðuneytinu álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til þess að sinna lögbundnum verkefnum og kostum mögulegrar sameiningar við önnur sveitarfélög. Líkt og fram hefur komið er samantlagður íbúafjöldi í sveitarfélögunum þremur á Ströndum um 570. Þau standa því óhjákvæmilega frammi fyrir því að huga að sameiningum.

Til að skapa vaxtarskilyrði fyrir samfélag og atvinnulíf þarf heimafólk á Ströndum að taka höndum saman. Styrkja þarf stjórnáðvarfsluna heima fyrir svo hún sé í stakk búin til að nýta tækifærin og byggja á styrkleikum svæðisins. Ríkið og Vestfjarðastofa mega ekki láta sitt eftir liggja við að styðja við heimafólk. „Strandaauður“ getur orðið mikilvægur vettvangur til samvinnu þessara aðila á næstu árum. Það er mat nefndarinnar að verkefnið verði til þess fallið að efla og styrkja heimfólk og verði jafnframt fyrsta skrefið í átt að nánari samvinnu sveitarfélaganna.